

Sveitarfélagið Öflus  
b.t. skipulagsfulltrúa  
Hafnarberg 1  
815 Þorlákshöfn

Selfoss, 30.3.2021

**Varðar: Þórustaðanáma: Viðbragðs- og öryggisáætlun**

## **Viðbragðsáætlun vegna vatnsverndar**

Vatnsból eru við rætur Ingólfsfjalls bæði vestan og austan við Þórustaðanámu. Fyrirhuguð stækkun á efnistökusvæðinu mun teygja sig inn á fjarsvæði þessara vatnsbóla uppi á Ingólfsfjalli. Möguleg mengunarhætta er lágmörkuð með því að geyma einungis lágmarksbirgðir af olíu á svæðinu. Eldsneytisbíll kemur tvisvar í viku og fyllir á vélar og geymslutank. Engin olía eða glussi er geymdur á svæðinu heldur í aðstöðu Fossvéla á Selfossi.

Vinnuvélum verður vel viðhaldið til að draga úr líkum á mengunarslysi. Komið verður upp viðeigandi lekavörnum á svæðinu í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda, til að koma í veg fyrir að olía og spilliefni berist í jarðveg ef óhöpp verða. Starfsfólki á svæðinu verða kynntar öryggisreglur fyrir verktaka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæði í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit. Í *Öryggisreglum fyrir verktaka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæði Reykjavíkur og nágrennis* er tiltekin eftirfarandi viðbragðsáætlun við óhappi á vatnsverndarsvæðum:

Ef óhapp á sér stað ber að grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Koma strax í veg fyrir frekari skaða með þeim búnaði sem er til staðar, eins og;
  - Lekabytta/motta
  - Ígleypi efni
  - Skófla
2. Koma ökutækinu/vinnuvélinni strax af svæðinu, með aðstoð ef á þarf að halda.
3. Tilkynna óhappið strax til viðeigandi vatnsveitu og eftirlitsstofnana.
4. Hreinsa strax upp allt það efni sem komist hefur í snertingu við jarðveg.

Ef óhapp á sér stað við efnistöku verður farið eftir þessari áætlun. Frekari upplýsingar um áhrif á vatnsvernd má sjá í kafla 4.5 í meðfylgjandi umhverfismatsskýrslu.

## Öryggisáætlun

Vinnuvernd	
<b>Skipulag og virkni</b>	<p>Áhættumat og áætlun um forvarnir fyrir öll vinnusvæði og ferðir starfsmanna á milli þeirra frakmvæmt af forsvarsmanni Fossvélar. Aðrir starfsmenn hafðir með í ferlinu.</p> <p>Áhættumat uppfært eftir því sem fram vindur fram. Öryggishandbók á staðnum sem tekur á öllum mikilvægum þáttum?</p> <p>Er leitað eftir utanaðkomandi ráðgjöf um áhættumat og forvarnir ef ekki er nægileg þekking innan fyrirtækisins?</p> <p>Öryggistrúnaðarmaður/-vörður og öryggisnefnd til staðar sem hafa sótt vinnuverndarnámskeið?</p> <p>Hæfur ábyrgðarmaður í forsvari og hefur eftirlit með vinnustöðinni meðan vinna stendur yfir.</p> <p>Eru reglulegar skoðunarferðir um vinnustaðinn og fundir í öryggisnefnd? Er unnið markvisst að endurbótum? Er eftirfylgni?</p> <p>Starfsmenn hvattir til að stunda líkamsrækt og heilbrigða lífshætti.</p>
<b>Fræðsla/þjálfun</b>	<p>Nýráðnir starfsmenn, fá skipulagða fræðslu og þjálfun? Vinnuvernd er hluti af þeirri þjálfun og gengið er úr skugga um að erlendir starfsmenn hafi skilið þá fræðslu og leiðbeiningar.</p> <p>Allir starfsmenn fá reglubundna þjálfun og fræðslu í vinnuvernd.</p> <p>Atvinnurekandi skal gera viðeigandi ráðstafanir sem tryggja að einungis þeir starfsmenn sem hlotið hafa nægilega tilsögn hafi aðgang að svæðum þar sem alvarleg og sérstök hættu er á ferðum.</p>
<b>Ungir starfsmenn</b>	<p>Eftirfarandi atriði eru höfð til hliðsljónar þegar ungir starfsmenn eiga á hlut:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Aldursmörk, áhættumat, verkefni við hæfi, vinnutími, hvíld.</li></ul>
<b>Vinnuslys</b>	<p>Vinnuslys skal tilkynna, tilkynningablað á heimasíðu VER. Greining slyshættu. Skráning og greining slysa og "næstum-því-slysa"/óhappa. Áhættumat endurskoðað.</p>

<b>Loftgæði</b>	
<b>Hita- og rakastig</b>	Hitastig í vinnurými skal vera hæfilegt að teknu tilliti til þeirra vinnuaðferða sem beitt er og líkamlegs álags starfsmanna.
<b>Almenn loftræsting</b>	Með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegu álagi á starfsmenn skal gera ráðstafanir til að tryggja að nægilegt ferskt loft sé á vinnustöðum innandyrna. Vélræn loftræsting án dragsúgs, reglulegt viðhald, viðvörðun vegna bilana.
<b>Ryk</b>	Mengunarmæling (rykmæling) hefur verið gerð. Rykbinda skal vinnustaðinn reglulega eins og mögulegt er, t.d. með vökvun. Nota P2 rykgrímur eftir þörfum vegna ryks.
<b>Tóbaksvarnir</b>	Er vinnustaðurinn reyklaus? Reykingar bannaðar í öllum starfsmanna- og vinnurýmum. Leyfa má reykingar í sérstöku loftræstu afdrepi þar sem tryggt er að reykur berist ekki í önnur rými. Sérstakar undanþágur, sjá reglugerð.
<b>Efni og efnaáhrif</b>	
<b>Varasöm og hættuleg efni</b>	Öryggisblöð í 16 liðum á íslensku og tungumálum sem erlendir starfsmenn skilja. Merking á umbúðum og verklagsreglur. Fræðsla um meðferð og notkun efna. Viðeigandi persónuhlífar, t.d. öndunargrímur, hlífðarglæraugu, andlitshlífar, hlífðarfatnaður, hlífðarhanskar, sbr. öryggisblöð og með hliðsjón af eðli vinnunnar. Tilmæli um að skipta út hættulegum efnum, ef mögulegt er, fyrir hættuminni eða hættulaus efni.
<b>Geymsla efna</b>	Lokuð, læsanleg, loftræst geymsla fyrir hættuleg og varasöm efni.
<b>Öryggi á vinnusvæði</b>	
<b>Aðkoma og aðgengi að vinnusvæði</b>	Vinnusvæði girt af, eins og kostur gefst. Hlið, greinlegar merkingar. Óviðkomandi bannaður aðgangur að vinnusvæðinu. Tenging við aðalveg örugg. t.d. útsýni og merkingar.
<b>Aðkoma sjúkra- og slökkviliðs</b>	Greiðar akstursleiðir, merkt hlið.
<b>Umferðaleiðir á vinnusvæði</b>	Óviðkomandi bannaður aðgangur að vinnusvæði. Umferðarleiðir manna og tækja séu afmarkaðar með nægilega lýsingu og fullnægjandi öryggisrými fyrir fótgangandi. Hættusvæði, s.s. vegna hrunhættu við brúnir og op, skulu girt af og greinilega merkt. Raf- og veitulagnir séu t.d. upphengdar eða niðurgrafnar og skipulega lagðar þannig að ekki skapist hætta fyrir gangandi eða akandi umferð.

<b>Sérstakar hættur</b>	<p>Gera skal sérstakt áhættumat vegna hættu á falli og jarðskriði og skipuleggja vinnuna með tilliti til þess. Eftirfarandi skal meðal annars hafa í huga:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Í forvarnarskyni skal ákvarða hæð og halla jarðvinnslubakka og námasvæðis í samræmi við eðli og stöðugleika jarðvegs og vinnsluaðferðir.</li><li>- Hallar og aðkeyrsluvegir skulu vera nægilega stöðugir fyrir þann vélbúnað sem notaður er. Þeir skulu þannig byggðir og haldið við að búnaðinn megi færa til með öruggum hætti.</li><li>- Áður en hafist er handa við vinnu eða hún hefst á ný skal gengið úr skugga um að ekki sé laus jarðvegur né grjót í jarðvinnslubökkum og námasvæði yfir vinnusvæðum. Ef nauðsyn krefur skal fjarlægja grjót og lausan jarðveg.</li></ul>
<b>Öryggis- og heilbrigðismerki</b>	<p>Skilti með merkingum er varða m.a. boð, bönn og viðvaranir, séu sett upp á viðeigandi stöðum, í samræmi við reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.</p>
<b>Rýmingarleiðir</b>	<p>Neyðarlýsing í vinnuaðstöðu og starfsmannarými ef þörf er á. Skilti sem sýna stefnu rýmingarleiða.</p>
<b>Geymslusvæði</b>	<p>Stöflun og frágangur. Lýsing, aðgengi, umgengni.</p>
<b>Viðvörunar- og fjarskiptakerfi</b>	<p>Fullnægjandi viðvörunarkerfi og fjarskipti á vinnusvæðum þannig að hægt sé að veita tafarlausa aðstoð ef nauðsyn krefur. Regluleg prófun kerfa.</p>

Virðingarfyllt,  
f.h. Fossvéla ehf.

---

Magnús Ólason